



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Skipulag <skipulag@hvalfjardarsveit.is>
Re: Lýsing á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.
Sent: 27-08-2019 16:02:20 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019070037, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019070037

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Hvalfjarðarsveit, dags. 19. júlí sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar og gerð nýs aðalskipulags 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna og telur að í henni sé komið inn á flest það sem fjalla þarf um við frekari vinnslu á skipulaginu.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætla er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun m.a. benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Á vef Náttúrufræðistofnunar er einnig að finna leiðbeiningar um niðurhal vistgerðarkorta sem hægt er að nota í skipulaginu.

Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> Einnig má sjá upplýsingar um 61. gr. náttúruverndarlaga hér: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> og í kortasjá hér <https://serstokvernd.ni.is/>.

Ýmsar aðrar upplýsingar er að finna á vef stofnunarinnar s.s. Fjölrit um seli, sjá hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf, og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> og upplýsingar um dýr og plöntur á valista sjá hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Skipulag <skipulag@hvalfjardarsveit.is>

Dags: 07/19/2019 10:55:07 AM

Til: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>

cc: "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "magnus@minjastofnun.is" <magnus@minjastofnun.is>, "palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is" <palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is>, "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "heilbrigðiseftirlit@vesturland.is" <heilbrigðiseftirlit@vesturland.is>, 'Práinn Ólafsson' <thrainn.olafsson@akranes.is>, "holmfridur.bjarnadottir@veitur.is" <holmfridur.bjarnadottir@veitur.is>, "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>, "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>
Efni: Lýsing á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Stofnanir og félög.

Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun

Minjastofnun

Vegagerðin

Vedurstofa

Náttúrufr.stofnun Íslands

Heilbrigðiseftirlit Vest.

Slökkvilið Akranes og Hvalfjarðarsveitar

Veitur

Landsnet

Landvernd

Málsnr: 1901286B

Skipulagslýsing fyrir aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 28.mái 2019 að auglýsa kynningu á skipulagslýsingu fyrir aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í lýsingartillögunni leggur sveitarstjórn áherslu á að marka skýra stefnu um atvinnuuppbyggingu í tengslum við iðnað, ferðaþjónustu og landbúnað. Endurskoðun á stefnu er varðar íbúðar- og frístundabyggð, samgöngur og verndar-svæði. Í kafla 4 er nánar fjallað um markmið sveitarstjórnar og helstu leiðir að þeim.

Endurskoðað aðalskipulag verður unnið á grunni gildandi skipulags frá 2008-2020

sem tók gildi í júlí 2010.

Gerð er grein fyrir nálgun og áherslum sem lagðar verða til í skipulags-vinnunni og hvernig staðið verður að samráði og kynningu á tillögunni.

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranesi, eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is merkt "lýsing aðalskipulag" fyrir 30. ágúst 2019.

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,

Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.

301 Akranes.

Sími 433 8500

skipulag@hvalfjardarsveit.is



- Hvalfjarðarsveit - skipulagslýsing_190712.pdf